

Dreifibréf til forráðamanna sveitarfélaga

Reykjavík 6. júlí 2009
Tilvísun: 200907-0008/3.01.01

Áhættumat starfa og forvarnir vegna öryggis og heilsu starfsmanna

Í kjölfar vinnuslyss sem nýlega varð við garðyrkjustörf hjá sveitafélagi vill Vinnueftirlitið vekja athygli sveitafélaga á skyldu þeirra að gera skriflega **áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað**, sbr. **lög nr. 46/1980**, 65. gr. Slíka áætlun skal gera fyrir alla vinnustaði sveitafélagsins. *Áætlunin skal ná til vinnustaðarins í heild og á meðal annars að fela í sér að gert sé sérstakt áhættumat*, þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í umhverfinu. Í kjölfar áhættumatsins skal gera ráðstafanir í forvarnarskyni, þar sem matið gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin.

Nánari ákvæði um áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað/áhættumat er að finna í **reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum**., sjá heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is

Vinna barna og ungmenna

Jafnframt vill Vinnueftirlitið sérstaklega vekja athygli sveitafélaga á reglugerð **nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga** en hún nær til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um áhættumat, hvers konar störf ungmenni mega vinna, leiðbeiningar og kennslu, vinnutíma, kvöldvinnu, næturvinnu og hvíldartíma. Í VI. kafla er sérstaklega fjallað um störf ungmenna 13 ára og eldri í vinnuskólum sveitafélaga. Í viðaukum er nánar fjallað um hvaða störf mismunandi hópar mega vinna og ekki vinna þó þessi upptalning sé ekki tæmandi. Í reglugerðinni kemur fram að við val og skipulagningu á vinnu skuli leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

Hættur við garðyrkjustörf - forvarnir

- Mikilvægt er að huga að því að þær vélar og tæki sem notuð eru við garðyrkjustörf hæfi þeim aðstæðum sem fyrirhugað er að nota þær við. Sem dæmi má nefna að Vinnueftirlitinu er kunnugt um tvö vinnuslys þar sem loftþúða-sláttuvél var notuð við slátt í halla. Í þessum tilvikum slósuðust starfsmenn á fæti þegar þeir runnu undir vélinu í halla. Ávallt þarf að gera áhættumat varðandi það hvort vél eða tæki hæfir aðstæðum áður en notkun vélar eða tækis hefst til að fyrirbyggja slys.
- Meta þarf hvort og hvaða persónuhlífar eigi að nota. Sem dæmi má nefna að stundum er misbrestur á að skóbúnaður þeirra sem vinna við slátt sé réttur. Strigaskór eru ekki ásættanlegur skóbúnaður. Tryggja þarf að starfsmenn fái öryggisskó með stáltá; það er skylda atvinnurekandans að sjá til þess að þessi búnaður sé til staðar og til notkunar fyrir starfsmenn. Þegar unnið er við slátt ber einnig að nota heyrnarhlífar og andlitshlíf. Þegar unnið er nálægt umferð skulu starfsmenn einnig nota sýnileikavesti eða sambærilegan fatnað.
- Mikilvægur þáttur forvarna er fræðsla, leiðbeiningar og þjálfun starfsmanna, á það ekki síst við um nýliða.
- Vakin er athygli á að ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna með hættuleg tæki eða að hættulegum verkefnum, sbr. 10. gr. og viðauka reglugerðarinnar nr. 426/1999.

Hér að framan hafa aðeins verið nefnd dæmi um atriði sem þarf að hafa í huga við áhættumat og forvarnir vegna garðyrkjustarfa. Eins og áður sagði þarf áhættumat að vera heildstætt og taka til allra þátta í vinnuumhverfi hvers vinnustaðar, sbr. hjálagðan fjórblöðung um áhættumat.

Ef sveitarfélagið hefur ekki nú þegar hafist handa við gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað/áhættumats er það hvatt til að setja slíka vinnu af stað hið fyrsta í samvinnu við öryggisnefndir eða öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð vinnustaða hjá sveitarfélaginu, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 920/2006. Leiðbeiningar um gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði /áhættumats og annað efni því tengt er einnig að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, sjá www.vinnueftirlit.is.

Ef spurningar vakna varðandi erindi bréfsins er sveitarfélaginu velkomið að hafa samband við umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins í viðkomandi umdæmi, sjá upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins,

LEIFUR GÚSTAFSSON
Leifur Gústafsson
fagstjóri

Pórunn Sveinsdóttir
Pórunn Sveinsdóttir
deildarstjóri

Afrit:
Samband íslenskra sveitarfélaga
BSRB
ASÍ